

Nd.

52. Tillaga til þingsályktunar

[47. mál]

um gistihús á Þingvöllum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Sigurður Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa byggingu nýs gistihúss á Þingvöllum. Einkum skulu undirbúin þessi atriði málsins:

1. Staðarval.
2. Stærð gistihússins og fyrirkomulag.
3. Áætlanir um byggingar- og rekstrarkostnað.
4. Hvaða aðili eða aðilar ættu að standa að stofnun og rekstri gistihússins.
5. Fjáröflun.

Greinargerð.

Til Þingvalla sækir á sumri hverju fjöldi Íslendinga og útlendra manna. Valda því bæði sögufrægð hins fornhelga þingstaðar og náttúrufegurð frábær. Enginn staður annar á Íslandi hefur slíkt aðráttarafl.

Fyrir fullum aldarfjórðungi voru sett lög um friðun Þingvalla, þar sem svo er mælt, að frá ársbyrjun 1930 skuli Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Margt hefur síðan verið vel gert staðnum til þrýði og sóma, og hefur Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingsmönnum, yfirstjórn á hendi. En aðstaða öll til að taka á móti gestum, er skoða vilja staðinn og dveljast þar, er mjög erfið. Gistihúsið Valhöll, sem þar er rekið, er aðeins opið tvo til þrjá mánuði ársins um hásumarið. Það er gamalt timburhús, reist fyrir hálfri öld, en síðan flutt til og stækkað. Hús þetta er erfiðt og dýrt í viðhaldi og rekstri. Þrátt fyrir áhuga eigendanna á því að hafa reksturinn í góðu lagi, skortir mjög á, að vistarverur og aðbúnaður sé fullnægjandi.

Á Þingvöllum þarf að vera gott gistihús, er hæfi helgi og fegurð staðarins, virðulegt, notalegt og hóflegt að stærð, gerð og búnaði. Helzt þyrfti það að vera opið allan ársins hring. Gæti byggingin verið með þeim hætti, að unnt væri að taka nokkurn hluta hússins úr notkun á þeim árstímum, þegar aðsókn er lítil, til þess að draga úr rekstrarkostnaði.

Þá þarf að gera sér grein fyrir því, hvaða aðilar ættu að standa að stofnun og rekstri gistihússins. Núverandi eigendur Valhallar munu hafa hug á þátttöku í byggingu nýs gistihúss. Ef til vill vilja fleiri aðilar, einstaklingar eða félag, leggja hönd að verki, en trúlegt er, að einnig þurfi atbeina ríkisins með fjárframlögum, ábyrgð, lántökum eða á annan hátt til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd.